

Fréttabréf

ÚTGÁFA 3/2019

KÖNNUN HeiM VERKEFNISINS Á VIÐHORFUM TIL MENNINGARARFSINS

Í þessu fréttabréfi

- 1 Könnun HeiM verkefnisins á viðhorfum til menningararfsins.
- 2 SPÁNN
 - Viðhorf eldri borgara á Spáni til menningararfsins
 - Menningarminjar – virkar leiðir
- 3 KRÓATÍA
 - Þriðji fundur í króatíska sérfræðingaráðinu
 - Könnunin í Króatíu
- 4 ÍSLAND
 - Könnunin á Íslandi
- 5 PÓLLAND
 - Könnun og niðurstöður
- 6 Næstu skref – Námskeið
- 6 Samstarfsaðilar

Í öðrum hluta HeiM verkefnisins var gerð könnun meðal fólks yfir fimmtugu í samstarfslöndunum fjórum með það að markmiði að kanna viðhorf þess til ýmissa atriða varðandi menningararfinn. Niðurstöðurnar verða svo veganesti við þróun námsefnis fyrir fulltrúa þessa markhóps sem munu taka þátt í að hanna leiðir til að nálgast menningarminjar á virkan hátt.

Niðurstöðunum hefur verið gerð skil í skýrslum sem hver samstarfsaðili hefur unnið. Þessar niðurstöður voru síðan ræddar meðal sérfræðinga heima fyrir og milli samstarfsaðila á öðrum verkefnisfundi HeiM verkefnisins sem haldinn var í Reykjavík 24. og 25. júlí síðastliðinn.

Í þessu fréttabréfi eru niðurstöðurnar dregnar saman og kynntar ásamt ráðleggingum sérfræðinga hvers samstarfslands þar sem við á. Upplýsingar um HeiM verkefnið má svo finna á vefsíðu verkefnisins www.heimheritage.eu.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Meginmarkmið verkefnisins
"Heritage in Motion" er að
efla og auka þekkingu íbúa
landa samstarfsaðilanna í
verkefninu á menningararfi
þeirra og á menningararfi
Evrópu.

SPÁNN

VIÐHORF ELÐRI BORGARA Á SPÁNI TIL MENNINGARARFSINS

Tilskildum verkþáttum HeiM verkefnisins hefur nú verið lokið á Spáni í samræmi við verkáætlun.

Við höfum nú náð að ljúka fyrstu tveimur áföngunum í þróunarferli verkefnisins með því að gera grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar meðal UPUA nemenda þar sem leitast var við að meta gildi menningararfsins meðal eldri borgara. Könnunin var nafnlaus og gerð rafrænt og svöruðu henni 323 nemar.

Af niðurstöðunum má ráða að eldra fólk vill helst ferðast með fjölskyldu eða vinum og heimsækja staði á Spáni eða í öðrum Evrópulöndum sem tengjast listum, náttúru og byggingarlist, en einnig matarhefðum og söfnum. Aðrar tegundir menningararfs voru þó einnig nefndar. Sérstaklega voru þar þjóðleg fræði og siðir áberandi en hátíðir, listviðburðir og sýningar veita tækifæri til þess að sýna og miðla menningararfi. Reyndar sýndu flest svörin að þörf er á því að þróa fjölbreyttar og margþættar leiðir að mismunandi tegundum menningarminja.

Svarendur lögðu ennfremur fram ýmsar tillögur varðandi skipulagningu leiða að menningararfinum, sem þannig fellur vel að einu meginmarkmiði verkefnisins, sem er að virkja eldra fólk við hönnun og þróa slíkra leiða. Sérstök áhersla var lögð á að í þessu verkefni skyldi unnið með það markmið að varðveita menningararfinn fyrir komandi kynslóðir með áherslu á þá arfleifð sem er í hættu. Einnig kom fram að árangri verði ekki náð nema með fræðslu í háum gæðaflokki um innihald og gildi staðbundinna menningarminja auk námskeiðs sem snýst um færni til þess að túlka og miðla.

MENNINGARMINJAR – VIRKAR LEIÐIR

Á grundvelli þeirra hugmynda sem fram komu í könnuninni var tekin ákvörðun um að leggja til fimm virkar leiðir. Sú fyrsta er á La Marina Alta svæðinu sem býður upp á þægilegt rölt milli blómstrandi kirsuberjatrjáa eða við forna þurrhlaðna steinveggi, sem eru á heimsminjaskrá, og gæti síðan endað í strandbæjunum Jávea eða Denia. La Marina Baixa leiðin er um auðfarna slóð meðfram Serra Gelada þjóðgarðinum með stórkostlegu útsýni yfir Miðjarðarhafið — ásamt heimsókn í leifar rómversku villunnar í El Albir, þar sem sjá má endurgerðir í þrívídd, auk þess að njóta matargerðarlistarinnar í Altea. Þriðja leiðin liggur um svæðin Alt Vinalopó og L'Alcoià, hún hefst við Torretes Lífvisindastöðina, liggur síðan um Font Roja þjóðgarðinn og lýkur í Alcoy borg sem státar af einstökum Art Nouveau menningararfi. Elche, með pálmagarði sínum og hinu heimsfræga Misteri (helgileik frá miðöldum) - hvort tveggja á heimsminjaskrá – er sá ás sem Baix Vinalopó leiðin snýst um. Síðast en ekki síst mun, Alicante, höfuðborg héraðsins, svo bætast í hópinn með tillögum að leiðum um borgina.



Markmið könnunarinnar
varað kanna viðhorf
markhópsins 50+ til ýmissa
atriða varðandi
menningararfinn



Nýskapandi aðferðir við
fullorðinsfræðslu verða nýttar
í verkefninu



KRÓATÍA


ÞRIÐJI FUNDUR Í KRÓATÍSKA SÉRFRÆÐINGARÁÐINU

Fyrir sumarleyfin, áður en allir íbúar Zagreb flykkjast til Adríahafsins og fyrir verkefnisfundinn á Íslandi, var þriðji fundur sérfræðingaráðsins haldinn í Zagreb. Fundurinn var haldinn 4. júlí með það að markmiði að kynna króatísku sérfræðingunum síðustu fréttir af HeiM verkefninu.




KÖNNUNIN Í KRÓATÍU

Á fyrri fundi sínum hafði sérfræðingaráðið rætt mögulegar virkar leiðir og útfærslu könnunarinnar sem lögð yrði fyrir markhópinn. Könnunin var síðan gerð á milli 22. maí og 7. júlí og tóku 109 svarendur yfir fimmtugu þátt. Önnur könnun var svo send sérfræðingunum. Niðurstöður beggja kannana voru síðan kynntar sérfræðingunum. Áhugavert var að sjá að sömu leiðir höfðuðu bæði til sérfræðinganna og svarenda úr hópnum 50+ og beindust þær einkum að náttúruminum og byggingarlist. Þar sem slíkar leiðir taka sinn tíma var ekki að undra að svarendur völdu helst þriggja til fimm stunda ferðir með kaffi- eða matarhléi. Í lok fundarins var samþykkt að sumar þeirra leiða sem þróaðar yrðu skyldu tvímælalaust innihalda atriði sem skarast, til þess að þátttakendurnir gætu fræðst um króatíska sögu, menningu og listir á fjölþættan og samverkandi hátt.



Menningararfleifðin var flokkuð í nokkur yfirgrípandi svið. Svarendur voru svo beðnir að meta mikilvægi þessara sviða við þróun leiða að menningararfinum



HeiM verkefnið miðar að því að þróa áhugaverðar leiðir að menningarminum sem henta fólki sem komið er yfir fimmtugt. Þátttakendur munu læra að:

- velja minjastaði
- túlka þessa staði
- kynna áhugaverð atriði og sögu þessara staða.

KÖNNUNIN Á ÍSLANDI

AÐFERÐ OG ÚRTAK

Könnunin var unnin af HeiM verkteymi U3A Reykjavík í júní 2019 og send öllum 614 félögum U3A Reykjavík. Könnunin var einnig opin öðrum í markhópnum fimmtíu ára og eldri á facebookarsíðu U3A Reykjavík.

Svörin endurspeglar helstu skoðanir og viðhorf svarenda, en meirihluti þeirra voru konur á verklokaaldri. Almennt má segja að svörin lýsi viðhorfum fólks sem er við góða heilsu og vel á sig komið, notar tölvur og snjallsíma og er vant að ferðast á eigin vegum.

HELSTU ÁHERSLUR Á SVIÐ OG LEIÐIR AÐ MENNINGARARFINUM

Þegar hinar mismunandi tegundir menningararfsins sem spurt var um voru flokkaðar í fjórar víddir: Söguvidd, Menningarvidd, Náttúruvidd og Lífsháttavidd, reyndust Náttúruviddin og Menningarviddin fá mesta fylgi hjá svarendum. Þetta á við hvort sem spurt var um menningararf á Íslandi eða í öðrum Evrópulöndum (Króatíu, Póllandi og Spáni).

Hvað varðar staðbundnar leiðir, vildu flestir leggja áherslu á þemu tengd sögu staða á höfuðborgarsvæðinu. Eldri og yngri menningar- og valdasetur, trúarleg og veraldleg, voru næst vinsælust og í þriðja sæti komu mikilvægar byggingar og byggingarlist. Á hinn bóginn reyndust minjar um hörmungar, svo sem um skipsskaða og stríðsminjar, ekki vekja mikinn áhuga.

Flestar þeirra leiða að menningararfi sem helst voru nefndar voru á höfuðborgarsvæðinu, þótt nefndar væru einnig leiðir um önnur svæði landsins. Í Reykjavík voru helst nefndar ferðir á söfn, í kirkjugarða, byggingar og leikhús, en leiðir tengdar sögu og náttúru voru oftast nefndar í öðrum landshlutum.


TÍMALENGD FERÐA, HINDRANIR OG FÆRNI

Yfir 60% svarenda taldi þriggja til fimm stunda ferð henta best. Stór hluti svarenda sagðist yfirleitt ekki mæta neinum stórvægilegum hindrunum þegar menningarminjastaðir eru heimsóttir eða fræðst er um þá. Það er hins vegar ljóst af svörunum að mikilvægt er að huga bæði að verðlagningu og sérþörfum fólks til þess að auðvelda aðgengi að slíkum stöðum. Hvað varðar fyrirhugaða þjálfun fólks yfir fimmtugu voru samskiptahæfni og efnisleg þekking á menningararfinum atriði sem leggja skyldi mesta áherslu á en minnsta áherslu á stafræna færni.

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður könnunarinnar gefa í heild sinni góða samsvörun við þær hugmyndir sem sérfræðingarnir sem leitað var til og HeiM verkteymið höfðu gert sér um leiðir að menningararfinum; í stuttu máli, góðar leiðir eru þær sem sameina söguna og menninguna.

Niðurstöður könnunarinnar verða lagðar til grundvallar við undirbúnings námskeiðs haustið 2019



Neikvæðum áhrifum öldrunar og stargsflokka þarf að mæta með undirbúningi í góðum tíma að félagslega ábyrgu, virku og heilbrigðu lífi.



PÓLLAND – KÖNNUN OG NIÐURSTÖÐUR

Könnuninni var beint til fólks yfir fimmtugu eins og í samstarfslöndunum. Spurningarnar voru sendar nemendum í TDW Háskóla þriðja æviskeiðsins í Varsjá (UOTW). Ennfremur var könnunin opnuð á facebook síðu UOTW í Varsjá og send þeim sem eru á áskriftarlista HeiM fréttabréfsins í Póllandi.

Vorið 2019 var lokið við greiningu á gildi menningararfsins fyrir eldra fólk og unnið úr henni með aðstoð sérfræðinga í samstarfslöndunum fjórum (sérfræðingaráðunum). Næsta skref var síðan í samræmi við markmið verkefnisins, að kanna frekar viðhorf eldra fólks til þessara gilda í hverju landi. Í kjölfarið var hönnuð spurningakönnun sem beint var til þessa markhóps til að fá þannig bein tengsl við álit þessa hóps heima fyrir og á evrópskum vettvangi.

Þessi könnun greindi áhuga eldra fólks á menningararfinum heima fyrir. Ennfremur var spurt nokkura viðbótarspurninga um heilsutengd atriði og áhuga á að taka þátt í útfærslu virkra leiða.

Í maí 2019 var spurningakönnunin send úrtaki fólks 50 ára og eldri í hverju landi til að kanna viðhorf þeirra til ýmissa hugmynda um staði, þemu menningararfsins og ferðamáta. Niðurstöðurnar liggja síðan til grundvallar þróunar námskeiðs haustið 2019.

Könnunin byggði á sextán spurningum af mismunandi gerð, lokaðar, opnar, fjölvalsspurningar eða með fjölsvarkostum. Spurningarnar voru í sjö flokkum sem beindust að eftirfarandi: (1) upplýsingar um svarandann, (2) notkun snjallsíma og leiðsögutækja, (3) fyrirkomulag ferða (4) efnissvið leiða að menningararfinum, (5) hindranir og vandamál við heimsókn á minjastaði, (6) áhugaverð landsvæði, (7) mikilvæg atriði varðandi fræðslu og að lokum (8) opin spurning um tillögur að virkum leiðum að menningararfi. 108 svöruðu könnuninni; 83% voru konur sem endurspeglar í reynd kynjahlutfall U3A nemenda.

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður könnunarinnar í Póllandi sýndu að menningararfinn verður að færa út úr söfnunum og nýta hann sem grundvöll til að byggja framtíð Evrópu. Við eigum að skoða menningararfinn sem lind þekkingar, innblásturs og sköpunargleði. Menntun og þá sérstaklega fullorðinsfræðsla, getur gegnt mikilvægu hlutverki með því að virkja menningarlegt og samfélagslegt gildi menningararfsins.

Fræðsla um menningararfinn er lykillinn að því að hvetja til verndar menningar- og náttúruvænna og nýtingar menningararfsins til að auðga fræðsluferli fullorðinna: Að læra um, fyrir og í gegnum menningararfinn

Samstarfsaðilar greina og bera saman rannsóknaraðferðir, ferli og niðurstöður



Menningararfurinn er óþrjótandi lind þekkingar, kunnáttu, viðhorfa og árangurs sem hafa verið aflvakar mannlegs hugvits og sköpunar öldum saman



Niðurstöður þessarar könnunar verða nýttar til undirbúnings og útfærslu námskeiðs haustið 2019

NÆSTU SKREF

NÁMSKEIÐ

Í næsta áfanga verkefnisins verður lögð áhersla á að hanna námskeið fyrir fólk á aldrinum 50+.

Með aðstoð sérfræðinga samstarfslandanna verður slíkt námskeið þróað á næstu mánuðum með það að markmiði að fólk yfir fimmtugu geti öðlast nýja hæfni og meiri þekkingu um menningararfinn heima fyrir með nýstárlegri og virkri aðferðafræði. Að námskeiðinu loknu er þess vænst að þátttakendur geti valið og lagt upp virkar leiðir að menningararfleifð með upplýsingum um sögu, menningu, náttúru og lífshætti, sem henni tengjast. Þessar leiðir sem hægt verður að nálgast á Netinu munu krefjast tiltekinna færni í netnotkun og upplýsingatækni.

Tuttugu einstaklingum í hverju landi gefst kostur á að taka þátt í námskeiðinu og vinna að þróun leiðanna. Þeir munu þurfa að tileinka sér hæfni og færni í upplýsingatækni, ensku, og túlkun menningararfsins. Að loknu námskeiði munu þátttakendur verða sjálfir færir um að rannsaka og hanna sérstaklega skilgreindar leiðir á ensku. Þessar leiðir verða birtar á Netinu í gegnum WIKILOOC.

Í námskeiðinu verður nýtt nýskapandi aðferðafræði við fullorðinsfræðslu sem gefa hinum eldri nemanda meiri ábyrgð og virkari þátttöku í eigin námi og efla þannig sjálfstæði þeirra og ábyrga þátttöku

SAMSTARFSADILAR

Permanent University of the University of Alicante

Spain

Contact person: Marian Alesón Carbonell
upua.internacional@ua.es
web.ua.es/upua



U3A Reykjavík

Iceland

Contact person: Ingibjörg Gudlaugsdóttir
Ingibjorg.rannveig@gmail.com
www.u3a.is



Towarzystwo Demokratyczne Wschód

Poland

Contact person: Aleksandra Kujawska
akujawska@tdw.org.pl
www.tdw.org.pl



Pucko otvoreno učilište Zagreb

Croatia

Contact person: Tihomir Ziljak
tihomir.ziljak@pou.hr
www.pou.hr

